

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 26. nóvember 2020, vegna lýsingar á nýju deiliskipulagi lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins.

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 18. nóvember 2020 var lögð fram lýsing að nýju deiliskipulag fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 18. desember 2020.

Samþykkt var að leita umsagna hjá eftirfarandi stofnunum: Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni, Verkefnastofu Borgarlínu, OR/Veitum, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, íbúaráði.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is